Fullgild rafræn undirskrift
KARL EÐVALDSSON
Kennitala: 150979-3079
2026-04-27 11:30:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 20. apríl 2026
USK26040270

Innkaupa- og framkvæmdaráð

**EES útboð nr. 16275 – Hreinsun stofnanalóða 2026-2027 - Austurhluti.**

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 8. apríl 2026 kl. 10:15 og skiluðu þrjú fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES.

Um er að ræða hreinsun bílastæða við stofnanalóðir og hreinsun grunnskólalóða í austurhluta Reykjavíkur.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. að fjárhæð kr. 13.480.363,- (62,70% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 21.500.000,-).

Gildistími samnings er eitt ár. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um fjögur ár, eitt ár í senn. Virði samnings ef framlengt er fjórum sinnum er þá kr. 67.401.815,- fyrir fimm ára tímabil.

Lægstbjóðandi hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu borgarlandsins.

Virðingarfyllst

Karl Eðvaldsson
*F.h. Skrifstofustjóra Borgarlandsins*
*Umhverfis- og skipulagssvið.*

Reykjavíkurborg

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*

Árið 2026, þann 8. apríl kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16275 „Hreinsun stofnanalóða 2026-2027 - Austurhluti".

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

| | Eftirfarandi tilboð bárust: | | Tilboðsfjárhæð, samtals fyrir eitt ár, með vsk. | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Hreinsitækni ehf. | Kr. | 15.860.365 | 73,77% |
| 2 | Garðlist ehf. | Kr. | 17.224.691 | 80,11% |
| 3 | Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. | Kr. | 13.480.363 | 62,70% |
| | Kostnaðaráætlun | Kr. | 21.500.000 | 100,00% |
| | | | | |
| | Fleiri tilboð bárust ekki | | | |
| | Opnun tilboða lokið kl. 10:22 | | | |